


Kennarasamband Íslands



Athugasemdir stjórnar Kennarasambands Íslands við frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólalstjórnaenda í grunnskólum. (Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004 -2005).

Stjórn Kennarasambands Íslands gerir aftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Breyting á tímasetningum:

- a) gerðardómur verði skipaður strax.
- b) gerðardómur skili niðurstöðum í síðasta lagi 1. janúar 2005.

2. Launahækkun komi strax til félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands:

5.5% launahækkun frá 1. nóvember 2004. Einguþsla að upphæð kr. 130.000 þann 15. nóvember 2004 sbr. miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 29. október 2004.

3. Ákvarðanir gerðardóms verði afturvirkar frá 1. október 2004 (sbr. áður nefnda miðlunartillögu).

4. Stjórn Kennarasambands Íslands leggur ríka áherslu á að gerðardómur taki mið af þeim atriðum sem aðilar voru þegar búnir að komast að samkomulagi um, sbr. næstsíðustu málsgrein 3. greinar í frumvarpinu. Í þessu sambandi er m.a. vísað til samkomulags um sérmál skólastjórnaenda, svo og verkstjórnartíma og kennsluskyldulækkun kennara og mótframlag sveitarfélaga í séreignarlífeyrissjóð.

Reykjavík, 12. nóvember 2004

Stjórn Kennarasambands Íslands